



Verkefnastjórnun og kennsla ÍSAT í Brekkuskóla veturinn 2021 – 2022

Skólaárið 2021 – 2022 vann ég sem verkefnastjóri og kennari í „Íslensku sem annað tungumál í 20% stöðuhlutfalli. Ekki var kennsla allar vikur í ÍSAT í vetur vegna samkomutakmarkana og annarra inngripa í skólastarfið vegna Covid.

Megináhersla verkefnastjórnunarinnar var að taka á móti nemendum nýfluttum til Íslands og fylgja þeim eftir í námi og aðlögun í byrjun skólagöngu á Íslandi í samvinnu við umsjónarkennara. Ég sá um að halda utanum fjölda nemenda sem eiga íslensku sem annað tungumál og skila skýrslum til jöfnunarsjóðs og heilsu- og fræðsluviðs hvað það varðaði, fyrir haust og vorönn. Ég var í samvinnu við umsjónarkennara til að fá upplýsingar um fjölda nemenda með íslensku sem annað tungumál. Ég ræddi við kennara um nemendur og stöðu þeirra í íslensku og ráðlagði um námsefni fyrir einstaka nemendur. Í haust áttu 17 nemendur í skólanum báða foreldra með annað tungumál en íslensku sem fyrsta mál og 39 sem eiga annað foreldri með annað tungumál en íslensku sem fyrsta mál. Tveir tvítyngdir nemendur bættust við í skólann eftir áramót. Þannig voru 56 tvítyngdir nemendur í Brekkuskóla vorið 2022 og eru þeir frá enn fleiri löndum. Einnig eru 28 snúbúar, þ.e. nemendur sem eiga íslenska foreldra en hafa búið erlendis í lengri eða skemmri tíma og flust hafa aftur til Íslands.

Meginhluti tíma míns fór í kennslu 6 kennslustundir á viku. Á haustönn vann ég mest með tveimur nemendum nýfluttum til Íslands sem töluðu litla sem enga íslensku. Fengu þau 3 tíma hvort á haustönn en 1 tíma hvort á vorönn. Á vorönn komu nemendur í skólann nýfluttir að utan og kenndi ég þeim í litlum hóp auk þess að vera með hóp af nemendum í 9. og 10. bekk. Einn nemandi í 10. bekk fékk tíma einn þar sem áhersla var á að tala íslensku. Ég lagði áherslu á samræður og orðaforðavinnu í tímum hjá mér og að vekja nemendur til umhugsunar um hvernig þeir geta aukið orðaforða sinn og námstækni. Unnið var með grunnorðaforða hjá þeim nemendum sem voru nýlega komnir til landsins, orðaforða tengdum daglegu lífi, námsgreinum og skólaumhverfinu. Með eldri nemendum var áhersla á samræður út frá orðaforða tengdum námsgreinum en við tókum fyrir menningu/fjölmenningu. Unnum með íslenskt samfélag og náttúru og tengdum við hin lönd nemendanna. Auk þess lagði ég stöðumat 1 frá Helgu Hauksdóttur fyrir tvo nemendur og voru niðurstöður settar í hæfnikort á Mentor.

Ég fór á námskeið á vegum HA um „Hagnýtar leiðir í kennslu nemenda með íslensku sem annað tungumál“. Tók þátt í kynningu á „viðbót í Aðalnámskrá grunnskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna“ og vann með umsjónarkennurum við að meta á hvaða stigi nemendurnir okkar eru út frá þeim viðbótum. Einnig fór ég að námskeið um „Stöðumat fyrir nemendur af erlendum uppruna“. Ég vann með grunnhlutann í því með umsjónarkennurum nemenda sem komu erlendis frá og hófu námi í Brekkuskóla í janúar, til að kynna matinu og þjálfast í að nota efnið. Einnig las ég ýmislegt sem viðkom kennslu nemenda af erlendum uppruna og kynnti mér kennsluaðferðir og námsefni.

Vorskýrsla

Í vetur sat ég samráðsfundi með Ingibjörgu Margréti Magnúsdóttur, kennsluráðgjafa – íslenska sem annað tungumál á Fræðslu- og lýðheilsusviði ásamt fulltrúum frá öðrum skólum á Akureyrir. Fundað var annan hvern mánuð framan af vetri í gegnum fjarfundarbúnað vegna Covid. Undir vorið var fundað oftast og þá í húsnæði Fræðslu- og lýðheilsusviðs. Ingibjörg kynnti fyrir okkur stöðuna varðandi ÍSAT nám og kennslu í tengslum við Fræðslu- og lýðheilsusviði og við áttum samræður um það og fleira sem við kemur nemendum og kennslu þeirra. Það var mikilvægt að hafa þessa upplýsingafundi og sérstaklega gefandi að heyra hvað verið er að gera í öðrum skólum. Búið er að festa mánaðarlega fundi næsta vetur.

Ánægjulegt hefur verið að vinna með nemendum með íslensku sem annað tungumál og kennurum í skólanum í vetur. Mikilvægt var fyrir mig að sækja námskeið og fundi, lesa, læra og eiga í samræðum um nám, kennslu og aðlögun nemenda af erlendum uppruna. Gerir það mikið fyrir mig í að þróa starfið mitt. Samkvæmt Fræðslu- og lýðheilsusviði verða festar 20% stöður í öllum grunnskólum á Akureyri fyrir verkefnastjórnun í íslensku sem annað tungumál og einhverjir tímar til kennslu að auki, miðast við fjölda nemenda með þörf fyrir íslensku sem annað tungumál í hverjum skóla. Með því er verið að stuðla að betra ut anumhaldi og kennslu í íslensku fyrir þessa nemendur.

Akureyri 9. júní 2022

Halla Kristín Tulinius, sérkennari

Verkefnastjóri í íslensku sem annað tungumál.